

AUGLÝSING

um staðfestingu samnings um barnaverndarþjónustu Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss.

Innviðaráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið hafa staðfest meðfylgjandi samning milli Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss með vísan til 10., 11. og 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Samningurinn er gerður á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og tekur Hveragerðisbær að sér meðferð mála vegna barnaverndarþjónustu fyrir Sveitarfélagið Ölfus samkvæmt nánari ákvæðum samningsins, sem birtur er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 5. júlí 2024.

F. h. r.
Anna Tryggvadóttir.

Innviðaráðuneytinu, 5. júlí 2024.

F. h. r.
Guðni Geir Einarsson.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR
Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss um barnaverndarþjónustu.****I. KAFLI****Almenn ákvæði.**

1. gr.

Samningsaðilar.

Hveragerðisbær, kt. 650169-4849, Breiðumörk 20, 810 Hveragerði (hér eftir „Hveragerði“ eða „Hveragerðisbær“) og Sveitarfélagið Ölfus, kt. 420369-7009, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn (hér eftir „Ölfus“) (sameiginlega „samningsaðilar“, „sveitarfélögin“ eða „aðildarsveitarfélögin“), gera með sér samning þennan um að Hveragerðisbær taki að sér verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 (hér eftir „barnaverndarlög“) fyrir Ölfus. Samningurinn er gerður með heimild í 2. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga.

Hveragerði telst vera leiðandi sveitarfélag og tekur að sér framkvæmd verkefna sem tilgreind eru í 3. gr. og II. kafla samnings þessa á grundvelli heimildar 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 (hér eftir „svstjl.“ eða „sveitarstjórnarlög“) um að sveitarfélög geti samið um að eitt sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög. Samningur þessi skal borinn undir mennta- og barnamálaráðherra, sbr. 4. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga til staðfestingar.

Verði breytingar gerðar á aðild að samningi þessum, með fækkun eða fjölgun aðildarsveitarfélaga, verður gerður viðauki við samninginn. Viðaukar samningsins fara til tveggja umræðna og staðfestingar í sveitarstjórnnum allra aðildarsveitarfélaga í samræmi við 1. mgr. 18. gr. svstjl. Breytingar á samningi þessum og viðaukar við hann skulu bornir undir mennta- og barnamálaráðherra, sbr. 4. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga til staðfestingar.

2. gr.

Markmið samningsins.

Sveitarfélögin hafa mikla og góða reynslu af samstarfi sín á milli. Með samningi þessum er markmiðið að Hveragerði og Ölfus vinni saman að barnavernd og barnaverndarþjónustu sveitarfélaganna. Felur það í sér að Hveragerði ber fulla ábyrgð á barnaverndarþjónustu beggja sveitarfélaga og ber jafnframt ábyrgð á fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála. Yfirmaður barnaverndarþjónustu í Hveragerði telst því yfirmaður barnaverndarþjónustu í báðum sveitarfélögum. Sveitarfélögin bera ábyrgð á að hæft starfsfólk sé til staðar, sbr. barnaverndarlög þ.m.t. sérhæft starfsfólk, sbr. 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga, vegna vinnslu mála hjá barnaverndarþjónustunni í heild. Starfsfólk Ölfuss í barnavernd lýtur ákvörðunarvaldi yfirmanns barnaverndarþjónustu Hveragerðisbæjar í þeim málum sem heyra undir samning þennan.

Við framkvæmd verkefna er falla undir þennan samning skulu íbúar Ölfuss eiga sama rétt til aðgangs og þjónustu og íbúar Hveragerðisbæjar.

3. gr.

Málaflokkar.

Ölfus felur Hveragerði að vera leiðandi sveitarfélag í framkvæmd og rekstri barnaverndarþjónustu skv. 10., 11. og 12. gr. barnaverndarlaga.

Ekki er unnt að skuldbinda samningsaðila umfram það sem tiltekið er í samningi þessum. Komi til ítarlegri lýsing á hlutverki samningsins eða verkefnum bætt við samninginn verður það aðeins gert með samþykki beggja samningsaðila.

4. gr.

Valdheimildir.

Hveragerði er leiðandi sveitarfélag og felur það í sér að Ölfus hefur framselt vald til töku ákvarðana í málaflokkum sem undir samninginn heyra til Hveragerðis. Því liggur endanleg ábyrgð á ákvörðunum hjá Hveragerði eftir því sem við á samkvæmt viðkomandi lögum. Ölfus skal tryggja að valdframsal til Hveragerðis sé í samþykkt um stjórn Ölfuss eftir því sem við á.

Hveragerði hefur heimild til að framselja vald til töku stjórnvaldsákvæðana til starfsmanna og skal slíkt valdframsal útfært í samþykkt um stjórn Hveragerðis í samræmi við sveitarstjórnarlög og lög sem um stjórnvaldsákvörðunina gilda. Hveragerði skal tilkynna Ölfusi um slíkt valdframsal.

Hveragerði ber fjárhagslega ábyrgð á verkefninu og tekur því ákvarðanir um útgjöld. Aðkoma Ölfuss að fjárhagslegum þáttum samningsins er tryggð í samræmi við IV. kafla samningsins.

5. gr.

Sjálfstæði barnaverndarþjónustu.

Samkvæmt III. kafla barnaverndarlaga er sveitarstjórn, fastanefndum og nefndum ekki heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð einstakra mála. Því eiga 2. málsl. 2. mgr. og 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga ekki við um barnaverndarþjónustu; og er sveitarstjórn, fastanefndum og nefndum ekki heimilt að hafa eftirlit með afgreiðslu einstakra mála barnaverndarþjónustu eða taka ákvörðun í barnaverndarmálum.

II. KAFLI

Verkefni og starfsfólk.

6. gr.

Verkefni barnaverndarþjónustu.

Verkefni barnaverndarþjónustu skulu vera samkvæmt því sem henni eru falin samkvæmt lögum hverju sinni. Verkefnin skulu m.a. vera eftirtalin:

- a) að bera ábyrgð á barnavernd, verkefnum og ákvörðunum samkvæmt lögum sem eru ekki sérstaklega falin öðrum, sbr. 10. gr.,
- b) ákvörðun um hvort hefja eigi könnun máls, sbr. 21. gr.,
- c) gerð og framkvæmd áætlunar um meðferð máls, sbr. 23. gr.,
- d) taka ákvörðun um lokun máls, sbr. 23. gr.,
- e) veita aðstoð, sbr. a–e-lið 1. mgr. 24. gr.,
- f) taka við forsjá eða umsjá barns og ráðstafa í fóstur, sbr. a-lið 1. mgr. 25. gr.,
- g) taka við forsjá eða umsjá barns og vista barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leita annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings, sbr. b-lið 1. mgr. 25. gr.,
- h) fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra, sbr. a–e lið 1. mgr. 26. gr.,
- i) fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem hefur náð 15 ára aldri, sbr. a- og b-lið 1. mgr. 27. gr.,
- j) gera kröfu fyrir héraðsdómi að fengnum úrskurði umdæmisráðs, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 29. gr.,
- k) úrræði vegna ófæddra barna, sbr. 1. mgr. 30. gr.,
- l) gera kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings, sbr. 2. mgr. 30. gr.,
- m) neyðarráðstafanir, sbr. 31. gr.,
- n) skipan lögráðamanns eða taka yfir forsjá barns, sbr. 32. gr.,
- o) áætlun um trygga umsjá barns sem barnaverndarþjónusta hefur tekið við umsjá eða forsjá með, sbr. 33. gr.,
- p) senda inn beiðni til lögreglu um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, sbr. 37. gr.,
- q) taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann skv. 3. mgr. 46. gr.,
- r) taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi skv. X. og XI. kafla,
- s) ráðstöfun barns í fóstur, sbr. 65. gr.,
- t) fara með alla vinnslu máls eftir að ákvörðun um vistun eða fóstur liggur fyrir,
- u) gerð fóstursamnings, endurskoðun og slit fóstursamnings, sbr. XII. kafla,
- v) ákvörðun um fjárhæð fósturlauna og framfærslueyris, sbr. 75. gr.,
- w) gera tillögur um umgengni barns í fóstur eða vistun við kynforeldra og aðra nákomna, sbr. 81. gr.,
- x) hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila eða sambýla til að veita börnum móttöku að uppfylltum skilyrðum, sbr. a- og b-lið 84. gr.,

- y) hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur, sbr. 85. gr.,
- z) sumardvöl á vegum barnaverndarþjónustna, sbr. 86. gr.,
- aa) umsagnir vegna ættleiðingar skv. 16. og 31. gr. laga nr. 130/1999, um ættleiðingar.

7. gr.
Starfsfólk.

Hveragerði ræður sitt starfsfólk og veitir þeim lausn frá störfum í samræmi við gildandi samþykkt um stjórn Hveragerðisbæjar. Hveragerði skal að lágmarki ráða:

- stjórnanda sem ber ábyrgð á barnaverndarþjónustu og
- a.m.k. tvö stöðugildi sérhæfðs starfsfólks í barnavernd en stjórnandi getur talist annað af þessum tveimur stöðugildum.

Jafnframt skal barnaverndarþjónustan hafa aðgang að félagsráðgjafa, starfsmanni með annars konar uppeldismenntun, þjónustu sálfræðings, lögfræðings og eftir atvikum öðrum sérfræðingum. Hveragerði ber ábyrgð á gerð ráðningar-, verkta- eða þjónustusamnings við þjónustuaðila. Heimilt er að gera samninga við aðildarsveitarfélög eða einkaaðila um þá þjónustu.

Hveragerði er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd þjónustu og verkefna sem falla undir samning þennan, svo sem um sálfræðiþjónustu, lögfræðiþjónustu og aðra sérhæfða þjónustu. Hveragerði ber að ganga úr skugga um að viðkomandi aðili uppfylli lögskyld skilyrði til þeirrar starfsemi, s.s. rekstrarleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála ef slíkt er áskilið í lögum.

Þeir starfsmenn Hveragerðis sem vinna að þeim verkefnum sem heyra undir samning þennan skulu vinna þau í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga og barnaverndarlaga sem og annarra laga er eiga við um viðkomandi málaflokk og framkvæmd verkefna sveitarfélaga.

Ölfus ræður sitt starfsfólk og veitir þeim lausn frá störfum í samræmi við gildandi samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Ölfuss. Ölfus skal að lágmarki ráða:

- Eitt stöðugildi sérhæfðs starfsfólks í barnavernd sem kemur að meðferð barnaverndarmála samkvæmt samningi þessum. Sá starfsmaður skal einnig sinna almennri félagsþjónustu Ölfuss.

Starfsmaðurinn lýtur stjórnunar- og ákvörðunarvaldi Hveragerðisbæjar vegna vinnslu mála í barnaverndarþjónustu, en lýtur að öðru leyti stjórnunarvaldi Ölfuss. Starfsmaðurinn getur ekki tekið stjórnvaldsákvæðanir þar sem Hveragerði er leiðandi sveitarfélag og hefur valdframsal átt sér stað til barnaverndarþjónustu Hveragerðis.

III. KAFLI
Samráð og upplýsingagjöf.

8. gr.

Samráð og stefnumarkandi ákvarðanir.

Samráðsfundir skulu haldnir a.m.k. tvisvar á ári með fulltrúum Hveragerðisbæjar og Ölfuss um efni og framkvæmd samningsins og oftast óski samningsaðilar eftir slíkum fundi. Slíka samráðsfundi skulu sitja sviðsstjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs Sveitarfélagsins Ölfuss og deildarstjóri velferðarþjónustu Hveragerðisbæjar og aðrir starfsmenn sem þeir tilnefna eftir efni samráðsfundar. Bæjarstjórum sveitarfélaganna er heimilt að sitja samráðsfundina.

Hveragerðisbær skal boða til samráðsfundar með fulltrúum Ölfuss áður en stefnumarkandi ákvarðanir koma til staðfestingar í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar. Með stefnumarkandi ákvörðunum er átt við ákvarðanir eða ráðstafanir sem vænta má að breyti forsendum rekstrar viðkomandi verkefnis samkvæmt samningi þessum, að svo miklu leyti að breytingar hafi veruleg áhrif á þjónustu eða kostnað Hveragerðisbæjar við íbúa Ölfuss. Ákvarðanir samkvæmt þessari grein mega þó ekki varða „verulega fjármál“ aðildarsveitarfélaganna, enda geta viðkomandi bæjarstjórnir eingöngu tekið slíkar ákvarðanir skv. 1. mgr. 58. gr. svstjl. Nánar er fjallað um fjármál í IV. kafla þessa samnings.

Sveitarfélagunum er heimilt að semja sérstaklega um verklag, verklagsreglur og nánari útfærslu og framkvæmd þessa samnings, og skal slíkt hljóta samþykki sviðsstjóra fjölskyldu- og fræðsluviðs Sveitarfélagsins Ölfuss og deildarstjóra velferðarþjónustu Hveragerðisbæjar.

9. gr.

Velferðar- og fræðslunefnd Hveragerðisbæjar.

Velferðar- og fræðslunefnd Hveragerðisbæjar fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu fyrir aðildarsveitarfélög samningsins skv. 1. mgr. 12. gr., sbr. 10. gr. barnaverndarlaga.

Velferðar- og fræðslunefnd Hveragerðisbæjar markar stefnu og gerir framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar á öllu þjónustusvæðinu skv. 9. gr. barnaverndarlaga. og sendir bæjarstjórnnum aðildarsveitarfélaga samningsins til staðfestingar.

Sveitarfélaginu Ölfusi er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á fundi velferðar- og fræðslunefndar Hveragerðisbæjar. Áheyrnarfulltrúinn hefur heimild til að vera viðstaddur fyrirtöku mála sem varða barnaverndarþjónustu.

10. gr.

Upplýsingagjöf.

Fulltrúar í bæjarstjórn og nefndum Ölfuss eiga sama rétt á aðgangi að gögnum og upplýsingum um verkefnið hjá Hveragerði og bæjarfulltrúar Hveragerðisbæjar samkvæmt 28. og 96. gr. svstjl.

Hveragerði ber ábyrgð á miðlun upplýsinga og gagna til Ölfuss skv. 8. tölul. 4. mgr. 96. gr. svstjl. og á grundvelli annarra sérлага.

Að öðru leyti gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og barnaverndarlaga um upplýsingarétt sveitarstjórnarfólks, lög nr. 90/2018, um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga sem og önnur lög sem gilda um viðkomandi málaflokka.

IV. KAFLI

Fjármál og eignarhald.

11. gr.

Fjárhagsáætlun.

Hveragerði ber ábyrgð á því að áætla hver kostnaður er vegna þeirra þjónustupáttá sem samningur þessi tekur til.

Ölfus hefur heimild til að fá afrit af fyrstu drögum fjárhagsáætlunar og uppfærðum drögum til umsagnar, þegar þau liggja fyrir hjá Hveragerðisbæ, vegna þeirra verkefna sem Hveragerðisbær tekur að sér f.h. Ölfuss skv. samningi þessum. Komi til þess að nauðsynlegt sé að gera viðauka við fjárhagsáætlun sem varðar þau verkefni sem Hveragerðisbær tekur að sér f.h. Ölfuss skv. samningi þessum skal Hveragerðisbær tilkynna það til Ölfuss um leið og það er ljóst og senda svo Ölfusi drög að viðaukanum þegar þau liggja fyrir, til umsagnar. Hveragerðisbær skal senda endanlega útgáfu af fjárhagsáætlun og/eða viðaukum til Ölfuss að lokinni samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar. Ölfus færir kostnað vegna verkefnisins inn í fjárhagsáætlun sína og gerir viðauka ef á þarf að halda og sendir Hveragerðisbæ að því loknu staðfestingu á að kostnaðurinn hafi verið samþykktur í bæjarstjórn Ölfuss. Að lokinni samþykkt bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar getur Ölfus fengið afhent afrit af fjárhagsáætlun viðkomandi deilda.

Hveragerði ber ekki ábyrgð á því að áætla kostnað vegna samninga eða að tilkynna um útgjöld fyrir fram, umfram það sem leiðir af samningi þessum og þeim reiknireglum sem í honum eru.

12. gr.

Ársuppgjör.

Hveragerði ber ábyrgð á að útbúa ársuppgjör fyrir þjónustuna sem send er Ölfusi til upplýsinga. Ársuppgjórið skal taka mið af lögum og reglum um bókhald og fjármál sveitarfélaga.

Að öðru leyti er það Hveragerði sem sér um reikningsskil vegna þjónustunnar og er hún hluti af ársreikningi sveitarfélagsins og lagður fyrir bæjarstjórn til meðferðar og afgreiðslu í samræmi við VII. kafla sveitarstjórnarlaga.

Ölfus skal gera grein fyrir kostnaði vegna þjónustunnar í ársuppgjöri í samræmi við lög og reglur um bókhald og fjármál sveitarfélaga.

13. gr.

Fjárhagslegt uppgjör.

Ölfus greiðir hlutdeild í sameiginlegum grunnkostnaði á ársgrundvelli sem skiptist eftir íbúafjölda sveitarfélaganna miðað við 1. janúar hvers árs.

Sameiginlegur grunnkostnaður er kostnaður vegna stjórnarsýslu og yfirstjórnar barnaverndarþjónustu, m.a.:

- a) 10% af launum deildarstjóra velferðarþjónustu Hveragerðisbæjar telst stjórnunarkostnaður vegna barnaverndarþjónustu.
- b) Annar almennur grunnkostnaður við að halda úti barnaverndarþjónustu sem ekki telst vera sértækur kostnaður við einstaka mál, s.s. almenn sérfræðiþjónusta og annar sameiginlegur kostnaður er snýr að barnaverndarþjónustu.

Ölfus greiðir einnig allan sérkostnað vegna barnaverndarþjónustu í Ölfusi, m.a.:

- a) Allur kostnaður vegna úrræða og stuðnings, þar með talið sérfræðikostnaður, sálfræðiþjónusta o.fl.
- b) Lögfræðiþjónusta í barnaverndarþjónustu, þ.e. ráðgjöf, framfylgd mála vegna ákvarðana umdæmisráðs landsbyggða, dómsmál o.fl. eftir atvikum.
- c) Kostnaður vegna mála sem tekin eru fyrir í umdæmisráði.
- d) Kostnaður vegna bakvakta og útkalla, ef Hveragerðisbær veitir slíka þjónustu fyrir Ölfus.
- e) Annar sérkostnaður sem fellur til vegna barnaverndar í Ölfusi.

Sameiginlegur kostnaður skiptist milli sveitarfélaganna eftir íbúafjölda sveitarfélaganna, sbr. 1. mgr.

Fyrir þjónustuna á árinu 2024 greiðir Ölfuss 754 þús.kr. Greiðslan er 45,16% af áætluðum kostnaði vegna yfirstjórnar barnaverndar og sameiginlegs kostnaðar beggja sveitarfélaga í þjónustu Hveragerðisbæjar á árinu 2024 og byggir á fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun, sem sýnir útskiptingu á kostnaði allra sveitarfélaganna sem koma að barnaverndarþjónustunni á svæðinu.

Stefnt skal að því að reikningar vegna sérkostnaðar verði sendir beint til Ölfuss. Skal Hveragerðisbær upplýsa Ölfus um reikninga og kostnað er sveitarfélaginu ber að greiða vegna sértæks kostnaðar.

Hveragerði sendir Ölfusi reikning vegna þjónustunnar ársfjórðungslega, eftir á, fyrir veitta þjónustu á síðasta ársfjórðungi áður en reikningur er sendur.

Greiðslan er byggð á áætlun um kostnað við þjónustuna. Verði veruleg breyting á kostnaði, þ.e. meira en 3% frávik frá áætlun, skal Hveragerði upplýsa Ölfus og skulu greiðslur taka mið af raunkostnaði, annaðhvort til lækkunar eða hækkunar, samhliða vinnslu viðauka við fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna.

Greiðsla vegna þjónustunnar skal endurskoðuð ár hvert miðað við íbúafjölda skv. Hagstofu Íslands í janúar ár hvert og á grundvelli fjárhagsáætlunar hvers árs.

14. gr.

Eignarhald á mannvirkjum, rekstrartækjum og öðrum verðmætum, ef við á.

Mannvirki, rekstrartæki og önnur verðmæti í eigu sveitarfélaganna verða það áfram eftir gildistöku samningsins. Komi til nýs kostnaðar vegna þessara atriða á samningstímanum munu samningsaðilar komast að samkomulagi um eignarhald þeirra, hlutdeild og kostnaðarskiptingu.

Kaup á búnaði eða öðrum verðmætum sem nýttur er við að veita þjónustu samkvæmt samningi þessum telst eign þess sveitarfélags sem greiddi fyrir búnaðinn eða verðmætin.

V. KAFLI

Gildistaka og uppsögn.

15. gr.

Gildistaka og gildistími.

Samningur þessi tekur gildi að fenginni staðfestingu bæjarstjórna Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss, innviðaráðuneytisins og mennta- og barnamálaráðuneytisins.

Samningur þessi gildir til 1. ágúst 2027. Samningurinn framlengist um tvö ár í senn ef samningnum er ekki sagt upp, sbr. uppsagnarákvæði í 16. gr.

16. gr.

Breytingar og uppsögn samnings.

Tillögur um breytingar á ákvæðum samnings þessa skulu koma til umræðu á samráðsfundi sveitarfélaganna, sbr. 8. gr. samningsins.

Ákveði annað aðildarsveitarfélaganna að segja upp samningi þessum, skal sú ákvörðun tilkynnt hinu skriflega.

Sveitarfélögin skulu leitast við að komast að samkomulagi um gildistöku uppsagnar, en uppsagnarfrestur skal að jafnaði ekki vera styttri en sex mánuðir að telja frá næstu mánaðamótum eftir að tilkynning um uppsögn berst.

Ef bæði aðildarsveitarfélögin eru um það sammála er heimilt að slíta samstarfi á skemmri tíma en sex mánuðum.

17. gr.

Ágreiningur.

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skal honum vísað til Héraðsdóms Suðurlands, náist ekki samkomulag milli aðila.